

7. bekkur

Íslenska

Kennari:

- 📖 Arnbjörg Drífa Káradóttir
- 📖 Sigrún Birta Viðarsdóttir

Fjöldi kennslustunda:

Sex stundir á viku

Markmið:

Lestur og bókmenntir:

Nemandi:

- 📖 geti lesið og skilið fornar og nýjar íslenskar bókmenntir
- 📖 þekki bókmenntafræðileg hugtök, s.s. rím, ljóðstafi, braglínu, persónugervingu, líkingu, hrynjanda, samlíkingu, umhverfi og tíma, aðal- og aukapersónur og boðskap

Talað mál og hlustun:

Nemandi:

- 📖 geti endursagt og eða lesið upphátt sögur og ljóð með viðeigandi látbragði, tónfalli og áherslum, einnig tekið þátt í samræðum og rökræðum

Málfræði:

Nemandi:

- 📖 átti sig á hvernig orð skiptast í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð, þekki helstu einkenni orðflokka og beygingarformdeildir þeirra, s.s. kyn, tölu, fall, stigbreytingu, nútíð, þátíð og nafnhátt
- 📖 þekki mun orðtaka og málshátta

Ritun:

Nemandi:

- 📖 geti skrifað læsilega og af öryggi, hafi valdi á helstu atriðum í stafsetningu og í greinarmerkjasetningu
- 📖 geti orðað texta á þann hátt sem hæfir efni, s.s. í frásögn, lýsingu, fréttum og fyrirmælum
- 📖 geti dregið út aðalatriði og endursagt efni í ræðu og riti
- 📖 noti stafsetningarorðabók og önnur hjálpargögn

Kennslutilhögun:

- 📖 innlögn og umræður
- 📖 einstaklingsvinna
- 📖 para- og hópavinna
- 📖 þemavinna
- 📖 sjálfstæð vinnubrögð
- 📖 PALS lestraraðferð

Námsefni:

- 📖 Fallorð
- 📖 Stafsetning Á.Ð. og G.G.
- 📖 Grænkápa

- 📖 Gunnlaugs saga ormsungu
- 📖 Skrift 7
- 📖 ýmis verkefni útbúin af kennara
- 📖 Ljóðspor
- 📖 Áfram Óli

Námsmat

Haustönn:

- 📖 Þekkingarhluti: 80%
 - bókmenntir
 - ljóð
 - ritun
 - málfræði
 - stafsetning
 - annarpróf
- 📖 Námshegðun: 20%
 - lestrardagbók
 - vinnusemi
 - vinnubrögð
 - námsundirbúningur
 - virðing

Vorönn:

- 📖 Þekkingarhluti: 80%
 - Bókmenntir
 - Ljóð
 - ritun
 - málfræði
 - stafsetning
 - annarpróf
- 📖 Námshegðun: 20%
 - lestrardagbók
 - vinnusemi,
 - vinnubrögð
 - námsundirbúningur
 - virðing

Stærðfræði

Kennarar:

- 📖 Sigríður Magnúsdóttir
- 📖 Vilborg Reynisdóttir

Fjöldi kennslustunda

Sex kennslustundir á viku

Markmið:

Stærðfræði og tungumál

Nemandi á að:

- 📖 vinna með algengar rómverskar tölur
- 📖 bera saman breytingar á stærðum t.d fólksfjölda

- ☐ finna ferningsrót af lágum ferningstölum
- ☐ þjálfast í notkun sviga

Lausnir verkefna og þrauta

Nemandi á að:

- ☐ glíma við flókin viðfangsefni með því að brjóta þau niður í smærri þætti

Röksamhengi og röksemdafærslur

Nemandi á að:

- ☐ flokka hugtök, s.s. ferhyrninga, rétthyrninga, samsíðunga, tígla og ferninga, í yfir- og undirflokkka
- ☐ vinna með samtenginguna „eða“ í merkingunni „og/eða“ við val úr gagnasafni

Tengsl við daglegt líf og önnur svið

Nemandi á að:

- ☐ reikna út tímamun milli ólíkra heimshluta
- ☐ kynnast algengum mælieiningum í öðrum löndum, s.s. mílum, fetum, pundum og fjórðungum

Tölur

Nemandi á að:

- ☐ raða almennum brotum eftir stærð, sér í lagi einingarbrotum
- ☐ vinna með neikvæðar tölur
- ☐ finna stærsta samdeili sem styttingartölu

Reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat

Nemandi á að:

- ☐ reikna með einföldum neikvæðum tölum í eðlilegu samhengi, t.d. hitastigsbreytingar
- ☐ kynnast forgangsröð aðgerða
- ☐ leggja saman og finna mismun einfaldra ósamnefndra brota

Hlutföll og prósentur

Nemandi á að:

- ☐ finna hluta af heilum tölum, t.d. 2/5 hluta af 20
- ☐ reikna brot og prósentur af heilum stærðum

Mynstur og algebra

Nemandi á að:

- ☐ setja upp einföld föll og teikna gröf þeirra

Rúmfræði

Nemandi á að:

- ☐ ræða um hugtakið lína og muninn á línu og striki
- ☐ reikna rúmmál teninga, réttstrendinga og þrístrendinga og telja út yfirborð
- ☐ kynnast tengslum milli rúmmáls mælds í cm^3 og millilítrum og dm^3 og lítrum
- ☐ mæla og teikna horn að næstu heilli gráðu
- ☐ vinna með 8 áttir áttavitans
- ☐ finna staðsetningu á landakorti út frá lengdar- og breiddargráðum og út frá stefnu og fjarlægð frá gefnum punkti
- ☐ finna samhverfuás, samhverfufliot og snúningsmiðju í margvíslegum tvívíðum og þrívíðum hlutum

Tölfræði og líkindafræði

Nemandi á að:

- ☐ kynnast því að endurtekin tilraun getur gefið ólíkar útkomur

📖 átta sig á hvaða aðrir þættir geta haft áhrif á líkur

Kennslutilhögun:

- 📖 bein kennsla
- 📖 hópverkefni
- 📖 þrautalausnir
- 📖 sýnikennsla
- 📖 umræður
- 📖 verkefnavinna
- 📖 sjálfstæð vinnubrögð
- 📖 tilraunir

Námsefni:

- 📖 Geisli 3 grunnbók,
- 📖 Geisli 3A vinnubók
- 📖 Geisli 3B vinnubók
- 📖 Stjörnuþættir (Júpíter, Satúrnus, Úranus, Neptúnus, Plútó)
- 📖 Hringur 1 og 2 (t.d. samlagning og frádráttur, margföldun og deiling, brot, prósentur, mælingar, algebra)
- 📖 þemahefti t.d Jökklar, Hve stórt er stórt
- 📖 ýmis verkefnablöð
- 📖 kennsluforrit í tölvum s.s. Rasmus

Námsmat

Haustönn:

📖 Þekkingarhluti:		80%
○ kaflapróf	50%	
○ annarpróf	30%	
📖 Námshegðun:		20%
○ vinnusemi	5%	
○ vinnubrögð	5%	
○ námsundirbúningur	5%	
○ virðing	5%	

Vorönn:

📖 Þekkingarhluti:		80%
○ kaflapróf	60%	
○ annarpróf	20%	
📖 Námshegðun:		20%
○ vinnusemi	5%	
○ vinnubrögð	5%	
○ námsundirbúningur	5%	
○ virðing	5%	

Enska

Kennarar:

- 📖 Hrafnhildur Hilmarsdóttir
- 📖 Valdís Inga Steinarsdóttir

Fjöldi kennslustunda:

þrjár stundir á viku

Markmið:

Hlustun:

Nemandi:

- ☐ skilji þegar talað er um efni tengt daglegu lífi og einfalt efni í myndmiðlum

Lestur:

Nemandi:

- ☐ geti lesið og skilið einfaldar smásögur, skáldsögur, dagblöð og fræðsluefni
- ☐ kunni að nýta sér einföld orðasöfn

Talað mál:

Nemandi:

- ☐ geti tekið þátt í samtölum
- ☐ geti gefið einfaldar upplýsingar og sagt í aðalatriðum frá því sem hann hefur lesið og heyrt

Ritun:

Nemandi:

- ☐ geti skrifað og /eða samið nokkuð rétt stuttan samfelldan texta um kunnuglegt efni og mismunandi textagerðir t.d. póstkort og texta við myndasögur.
- ☐ geti nýtt sér grunnþætti málfræðinnar í ritun.

Kennslutilhögun:

- ☐ innlögn og umræður
- ☐ einstaklingsvinna
- ☐ para- og hópavinna
- ☐ þemavinna

Námsefni:

- ☐ Enska málfræðiaefingar C
- ☐ Action, Textbook og Workbook
- ☐ Ýmis verkefni útbúin af kennara
- ☐ Bókmenntir: Aladdin, Phantom of the Opera
- ☐ Hickory, Dickory, Dock, Portfolio Topic Books
- ☐ kennsluforrit í tölvum og ýmis verkefni á veraldarvefnum.

Námsmat:

Haustönn:

- ☐ Þekkingarhluti: kaflapróf, málfræði, glósupróf, lokapróf, vinnubók 90%
- ☐ Námshegðun: 10%

Vorönn:

- ☐ Þekkingarhluti: kaflapróf, glósupróf, lokapróf, vinnubók 90%
- ☐ Námshegðun: 10%

Danska

Kennarar:

- ☐ Marsibil Lillý Guðlaugsdóttir

Fjöldi kennslustunda:

Þrjár stundir á viku

Markmið:

Hlustun:

Nemandi:

- 📖 geti skilið algeng orð og einfaldar setningar um sjáfla(n) sig, fjölskyldu sína og nánasta umhverfi þegar fólk talar hægt og skýrt

Lestur:

Nemandi:

- 📖 geti lesið stuttan texta án þess að skilja hann til fullnustu í þeim tilgangi að finna í honum ákveðnar upplýsingar (leitarlestur)
- 📖 geti lesið stutta texta með algengum, gagnsæjum orðaforða um efni sem hann þekkir
- 📖 geti áttað sig á megininnihaldi í lengri texta sem skrifaður er á léttu máli og með orðaforða sem tengist efninu

Talað mál:

Nemandi:

- 📖 geti spurt og svarað einföldum, algengum spurningum og spurningum um kunnug málefni
- 📖 geti unnið samtalsæfingar út frá fyrirmyndum sem fengist hefur verið við
- 📖 geti heilsað, kynnt sig og þakkað fyrir sig og afsakað sig með viðeigandi orðalagi
- 📖 geti líkt eftir framburði á algengum orðum, orðasamböndum og stuttum setningum

Ritun:

Nemandi:

- 📖 geti skrifað stök orð, t.d orðalista, setningar og örstutta texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við
- 📖 geti skrifað stuttar kveðjur eða póstkort

Kennslutilhögun:

- 📖 útikennsla
- 📖 innlögn og umræður
- 📖 einstaklingsvinna
- 📖 para- og hópavinna
- 📖 þemavinna

Námsefni:

- 📖 Klar Parat A og B bog
- 📖 ýmis verkefni útbúin af kennara
- 📖 kennsluforrit í tölvum og ýmis verkefni á veraldarvefnum

Námsmat:

Haustönn:

- 📖 Þekkingarhluti: 90%
- 📖 Námshegðun: 10%

Vorönn:

- 📖 Þekkingarhluti: 90%
- 📖 Námshegðun: 10%

Náttúrufræði

Nafn kennara:

- 📖 Elínborg Herbertsdóttir
- 📖 María Sigurðardóttir

Fjöldi kennslustunda:

Þrjár kennslustundir á viku

Markmið:

Nemandi:

- 📖 þekki frumeindir og sameindir og hvernig þær vinna.
- 📖 þekki hamskipti efna og geti lýst þeim.
- 📖 þekki orkuframleiðslu Íslendinga og notkun á heimilum.
- 📖 þekki áhrif hafstrauma á veðurfar á jörðinni.
- 📖 þekki áhrifavalda á jarðsögu Íslands.
- 📖 þekki grunnatriði erfða og hvernig þau tengjast manningum.
- 📖 þekki til lífvera í Íslensku umhverfi.
- 📖 þekki samspil líffæra í mannlíkamanum og góða umhirðu hans.
- 📖 þekki mikilvægi þróunar lækninga.

Kennslutilhögun:

- 📖 umræður
- 📖 vettvangsferðir
- 📖 rannsóknir
- 📖 tilraunir
- 📖 verkefnavinna
- 📖 fyrirlestrar
- 📖 hópavinna
- 📖 upplýsingaöflun

Námsefni:

- 📖 Auðvitað 3
- 📖 ýmiskonar ljósrit

Ítarefni:

- 📖 Geitungar á Íslandi
- 📖 Hornsíli

Námsmat:

Haustönn:

- | | |
|-------------------------|-----|
| 📖 námshegðun | 10% |
| 📖 tilraunir og skýrslur | 20% |
| 📖 ýmis kaflapróf | 20% |
| 📖 vinnubók | 10% |
| 📖 leiðarbók | 10% |
| 📖 haustpróf | 30% |

Vorönn:

- | | |
|-------------------------|-----|
| 📖 námshegðun | 10% |
| 📖 tilraunir og skýrslur | 30% |
| 📖 ýmis kaflapróf | 20% |
| 📖 vinnubækur | 20% |
| 📖 lokapróf | 20% |

Samfélagsfræði

Kennarar:

- ☞ Stefanía Helga Björnsdóttir
- ☞ Sigrún Birta Viðarsdóttir

Fjöldi kennslustunda

Þrjár stund á viku

Markmið:

Landafræði:

Kort, myndir og landafræði Evrópu

Nemandi á að:

- ☞ kynnast nokkrum gerðum þemakorta af Evrópu sem sýna dreifingarmynstur t.d. náttúruafars og mannvistareinkenna, átti sig á hæðarmun í landslagi má m.a. sýna með hæðarlínum eða landslagsskyggingu
- ☞ þekkja nöfn og legu ríkja í Evrópu auk stærstu áa, vatna, hafa og fjallgarða
- ☞ geta sagt í megindráttum frá loftslagi frá norðurheimskauti að Miðjarðarhafi, fjalli um hugtök eins og ríki, land, þjóð og landamæri
- ☞ afla sér upplýsinga um einstök lönd eða landsvæði eftir mismunandi leiðum, t.d með bókum, dagblöðum, kortum eða Netinu
- ☞ þekki hvernig atvinnugreinar skiptast í frumvinnslu-, úrvinnslu-, og þjónustugreinar, læri að gera greinarmun á því hvaða starfsemi krefst mikils landsvæðis og hvaða lítil, t.d. akuryrkja, skógrækt þarf mikið pláss en skrifstofur og verksmiðjum minna
- ☞ þekki helstu gerðir orkulinda sem nýttar eru, hvar þær er að finna og hvernig þær hafa myndast, nauðsyn á alþjóðlegir samvinnu ríkja á sviði umhverfismála þar sem mengun og loftslagsbreytingum verða ekki sett landfræðileg mörk

Saga:

Norðurlönd og siðbreytingin, Bretlandseyjar, um víða veröld og rýni

Nemandi á að:

- ☞ geri sér grein fyrir útbreiðslu kristinnar trúar og þýðingu Rómar í því sambandi
- ☞ gera sér grein fyrir því hvernig Ísland byggðist frá Norðurlöndum, bundust norsku og síðan dönsku konungsvaldi
- ☞ átti sig á einveldi og einokunarverslun Dana á Íslandi í ljósi þess sem tíðkast annars staðar í Evrópu og réttindum og skyldum konungs og þegna

Kennslutilhögun:

- ☞ bókleg kennsla
- ☞ verkefnavinna bæði í einstaklings og hópavinnu og kynningar á þeim
- ☞ umræður
- ☞ sjálfstæð vinnubrögð

Námsefni:

- ☞ Evrópa áflan okkar Sigrún Sóley Jökulsdóttir ritstjóri.
- ☞ Frá Róm til Þingvalla eftir Helga Skúla Kjartansson

Námsmat:

- | | |
|--------------|-----|
| ☞ annarpróf | 40% |
| ☞ kaflapróf | 10% |
| ☞ vinnubækur | 30% |
| ☞ vinnusemi | 5% |

📖 vinnubrögð	5%
📖 námsundirbúningur	5%
📖 virðing	5%

Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði

Kennari:

- 📖 Sigrún Birta Viðarsdóttir
- 📖 Vilborg Reynisdóttir

Fjöldi kennslustunda:

Ein stund á viku

Markmið:

Nemandi á að:

- 📖 hafa öðlast góða innsýn í kristilegt siðgæði og tileinkað sér samskiptareglur sem byggjast á kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti og umhyggju fyrir öðrum mönnum, öllu lífi og umhverfi
- 📖 hafa tamið sér virðingu fyrir ólíkum trúarbrögðum og lífsviðhorfum
- 📖 þekkja nokkur meginatriði kristni og helstu biblíutexta sem kristin trú og játning byggist á og geta dregið lærdóm af þeim
- 📖 þekkja algengustu tákni kristninnar og merkingu þeirra
- 📖 kunna skil á hvernig kristni barst til Íslands og á atburðum tengdum kristnitökunni árið 1000
- 📖 hafa þekkingu á uppruna, sögu og útbreiðslu annarra helstu trúarbragða heims, svo sem gyðingdóms, íslams, hindúasiðar og búddadóms
- 📖 þekkja valda þætti nokkurra helstu trúarbragða heimsins, einkum guðshús, helgistaði, helgirit, tákni, hátíðir og siði
- 📖 hafa fengist við siðræn viðfangsefni sem tengjast samskiptum, sáttfýsi og fyrirgefningu
- 📖 hafa þjálfast í að ræða siðferðileg gildi og álitamál sem lúta að réttlæti, mannréttindum og jafnrétti
- 📖 hafa tamið sér ábyrga afstöðu gagnvart náttúrunni um umgengni við hana
- 📖 hafa fengið þjálfun í að nýta sér upplýsingatækni til að leita svara við spurningum um trúarleg og siðferðisleg efni

Kennslutilhögun:

- 📖 bein kennsla
- 📖 umræður
- 📖 verkefnavinna
- 📖 tjáning og sköpun

Námsefni:

- 📖 Kristin trú – fagnaðarerindið
- 📖 Búddahtrú – leiðin til Nirvana
- 📖 Gyðingdómur
- 📖 fræðslumyndir
- 📖 ýmis verkefni frá kennara

Námsmat:

- 📖 kaflapróf 20%

📖 hópverkefni	10%
📖 verkefnamappa	50%
📖 námshegðun	20%

Lífsleikni

Kennarar:

- 📖 Sigrún Birta Viðarsdóttir
- 📖 Vilborg Reynisdóttir

Fjöldi kennslustunda

Ein stund á viku

Markmið:

Að nemandi:

- 📖 að koma í veg fyrir ávana- og fíkniefnaneyslu
- 📖 hjálpa ungu fólki til að þroska með sér ábyrgð og hjálpsemi, sjálfstraust og sjálfstjórn
- 📖 virða og átta sig á tilgangi leikreglna í mannlegum samskiptum
- 📖 geta tjáð sjálfstæða hugsanir, skoðanir, tilfinningar og væntingar
- 📖 læra leiðir til að efla samskiptahæfni sína.
- 📖 auk þess taka nemendur þátt í Evrópusamkeppni meðal reyklausra 7. og 8. bekkja og vinna sameiginlega að lokaverkefni.

Kennslutilhögun:

- 📖 umræður
- 📖 verkefni.

Námsefni:

- 📖 Að ná tókum á tilverunni. Glærur um ábyrga netnotkun og einelti. PBS handbók.
- 📖 Reyklaus að sjálfsögðu – handbók
- 📖 ítarefni valið af kennara

Námsmat:

- 📖 kennari metur virkni og vinnu nemenda
- 📖 í annarlök fá nemendur vitnisburðinn „lokið“ sem staðfestir lágmarksviðmið um þátttöku

Hönnun og smíði

Kennarar:

- 📖 Elinborg Sigurjónsdóttir

Fjöldi kennslustunda

Tvær stundir á viku

Markmið:

Að nemandi:

- 📖 hafi notað bora af ýmsum gerðum og lært að velja bor við hæfi
- 📖 hafi lært að hreinsa pensla og önnur málningaráhöld á viðunandi hátt
- 📖 hafi smíðað hlut eftir eigin hugmynd og teikningu sem tekur mið af ákveðnu hlutverki
- 📖 hafi lært að virða hugmyndir annarra og gera grein fyrir eigin hugmyndum
- 📖 skilja hvers vegna vistvæn umgengni er mikilvæg
- 📖 nota viðeigandi persónuhlífar að eigin frumkvæði

☞ skilja hvers vegna ábyrg umgegni í smíðastofunni er mikilvæg og sýni hana í verki

Kennslutilhögun:

- ☞ sýnikennsla
- ☞ verkefnavinna
- ☞ sjálfstæð vinnubrögð

Námsefni:

- ☞ verkefni útbúin af kennara og eftir hugmyndum nemenda

Námsmat:

- ☞ Þekkingarhluti: 70%
 - verkefni
- ☞ Námshegðun: 30%
 - virðing 10%
 - virkni 10%
 - vinnusemi 10%

Hönnun og smíði

Kennarar:

- ☞ Elinborg Sigurjónsdóttir

Fjöldi kennslustunda

Tvær stundir á viku

Markmið:

Að nemandinn

- ☞ hafi notað bora af ýmsum gerðum og lært að velja bor við hæfi
- ☞ hafi lært að hreinsa pensla og önnur málningaráhöld á viðunandi hátt
- ☞ hafi smíðað hlut eftir eigin hugmynd og teikningu sem tekur mið af ákveðnu hlutverki
- ☞ hafi lært að virða hugmyndir annarra og gera grein fyrir eigin hugmyndum
- ☞ skilja hvers vegna vistvæn umgengni er mikilvæg
- ☞ nota viðeigandi persónuhlífar að eigin frumkvæði
- ☞ skilja hvers vegna ábyrg umgegni í smíðastofunni er mikilvæg og sýni hana í verki

Kennslutilhögun:

- ☞ sýnikennsla
- ☞ verkefnavinna
- ☞ sjálfstæð vinnubrögð

Námsefni:

- ☞ verkefni útbúin af kennara og eftir hugmyndum nemenda

Námsmat:

- ☞ Þekkingarhluti: 70%
 - verkefni
- ☞ Námshegðun: 30%
 - virðing 10%
 - virkni 10%
 - vinnusemi 10%

Textílmennt

Kennari:

📖 Erla Dröfn Vilbergsdóttir

Fjöldi kennslustunda

Tvær stundir á viku

Markmið:

Nemandi:

- 📖 geri tilraunir með endurnýtingu og vinni með efnisbúta úr notuðum fatnaði eða heimilislíni
- 📖 þjálfast í að sníða
- 📖 nýti vel garn og efni sem unnið er með
- 📖 geri sér grein fyrir efnisþörf við verkefni sín
- 📖 takist á við verkefni sem vekja áhuga og vinnugleði og koma til móts við langanir og smekk nemandans

Kennslutilhögun:

- 📖 sýnikennsla
- 📖 sjálfstæð vinnubrögð

Námsefni:

- 📖 verkefni útbúin af kennara og eftir hugmyndum nemenda

Námsmat:

- | | |
|-------------------|-----|
| 📖 Þekkingarhluti: | 70% |
| ○ verkefni | |
| 📖 Námshegðun: | 30% |
| ○ vinnusemi | 10% |
| ○ vinnubrögð | 10% |
| ○ virðing | 10% |

Heimilisfræði

Kennarar:

- 📖 Ástríður Lilja Guðjónsdóttir
- 📖 Hólmfríður Guðmundsdóttir

Fjöldi kennslustunda:

Þrjár kennslustundir á viku hálfan vetur

Markmið:

Næring og hollusta

Að nemandi:

- 📖 meti næringargildi korns og korntegunda
- 📖 beri saman næringargildi í mismunandi korntegundum
- 📖 reikni út orkugildi morgunverðar
- 📖 geri könnun á eigin morgunverði
- 📖 skrái eigin morgunverð í fæðisdagbók í eina viku og velji einn morgunverð til úrvinnslu
- 📖 kynni sér hvaða næringarefni eru í algengustu matvælum

Matreiðsla og vinnubrögð

Að nemandi:

- fái þjálfun í að velja hentug áhöld og tæki og nota leiðarvísa með þeim
- læri að breyta g í dl og öfugt
- þjálfist í að stækka og minnka uppskriftir
- vinni af öryggi með einföldustu aðferðir í matreiðslu (suða, steiking, bakstursaðferðir)
- temji sér sjálfstæði og frumkvæði í vinnubrögðum
- temji sér góð vinnubrögð og réttar vinnustellingar
- beri saman mataræði Íslendinga fyrr og nú

Matvælafræði

Að nemandi:

- kanni hvaða næringarefni eru ríkjandi í hverjum flokki fæðuhringsins
- fái þjálfun í að setja saman máltíðir með hliðsjón af fæðuhring
- geti metið útlit og gæði algengra matvæla
- beri saman næringargildi fæðutegunda úr jurta- og dýraríki
- kynnist helstu vinnslu- og geymsluaðferðum matvæla og viti hvernig geyma skal matvæli heima (í búri, kæli og frysti)
- kynnist umbúðamerkingum matvæla og nýti þær til að meta kosti og galla tilbúins og hálftilbúins matar

Hreinlæti

Að nemandi:

- tileinki sér persónulegt hreinlæti
- tileinki sér jákvætt viðhorf gagnvart hreinu umhverfi úti sem inni
- geri sér grein fyrir því hvers vegna hreinlæti er mikilvægt við meðferð matvæla
- hafi öðlast færni í að þvo upp í höndum og í uppþvottavél

Neytendafræði og umhverfisvernd

Að nemandi:

- velti því fyrir sér hvernig vasapeningum er best varið
- geri áætlun um útgjöld miðað við eigið ráðstöfunarfé
- tileinki sér ábyrga umgengni við umhverfi sitt

Aðrir þættir

Að nemandi:

- temji sér að taka þátt í ánægjulegum samskiptum við borðhald
- fái þjálfun í að setja sig í spor annarra og taka þátt í samvinnu og samstarfi
- fái þjálfun í að virða jafnrétti, ólík sjónarmið, mismunandi siði og venjur
- temji sér jákvæð viðhorf gagnvart matarmenningu mismunandi þjóða
- viti um helstu orsakir slysa í heimahúsum og næsta umhverfi

Kennslutilhögun:

- nemendur æfist í helstu baksturs og matreiðsluaðferðum
- þeir halda umhverfi sínu hreinu
- áhersla er lögð á samvinnu

Námsefni:

- Gott og gagnlegt 3, heimilisfræði fyrir 7 bekk, auk vinnubókar

Ítarefni:

- ljósrit frá kennurum

Námsmat:

☞ Þekkingarhluti:	
○ vinnubók	35%
○ verkleg færni	35%
☞ Námshegðun:	
○ vinnusemi	10%
○ vinnubrögð	10%
○ virðing	10%

Myndmennt

Kenningar:

- ☞ Gunnar Andrésson
- ☞ Hildur Bára Hjartardóttir

Fjöldi kennslustunda

Þrjár stundir á viku hálfan veturinn

Markmið:

Nemandi:

- ☞ teikni hluti eftir fyrirmynd, s.s. uppstillingu og/eða umhverfisteikningu
- ☞ þekki hugtakið fjölfeldi og a.m.k. eina grafíska aðferð, t.d. dúkristu
- ☞ þekki samhengi grunnforma í tvívídd og þrívídd
- ☞ þekki hugtakið fjarvídd og vinni einföld verk sem fela í sér notkun sjónhæðarlínu, hvarfþunkta, mismunandi sjónarhorna o.s.frv.
- ☞ geti gengið frá verkefnum, efnum og áhöldum og geri sér grein fyrir eiginleikum og verðmæti þeirra
- ☞ geti lýst á einfaldan hátt munnlega og skriflega helstu einkennum kúbismans og abstraktsins
- ☞ þekki til og hafi fengið innsýn í fræðslu um kúbisma, abstrakt og súrrealisma

Kennslutilhögun:

- ☞ sýnikennsla
- ☞ verkefnavinna
- ☞ sjálfstæð vinnubrögð
- ☞ útkennsla
- ☞ vettvangs- og safnaferðir.

Námsefni:

- ☞ Myndmennt I og II
- ☞ kennsluefni í tölvum og á veraldarvefnum
- ☞ bækur af bókasafni.

Námsmat:

☞ Þekkingarhluti:	70%
○ verkefni	
☞ Námshegðun:	30%
○ virðing	10%
○ virkni	10%
○ vinnusemi	10%

Upplýsingamennt

Kennari:

📖 Ingibjörg Jóhannsdóttir

Fjöldi kennslustunda:

Ein stund á viku

Markmið:

Nemandi á að:

- 📖 að ná meiri færni í eftirtöldum yfirþáttum; tæknilæsi, upplýsingalæsi og menningarlæsi.
- 📖 komi reglulega í tölvustofu og á skólasafn
- 📖 temji sér ákveðnar umgengnisreglur í tölvustofum og á skólasafni

Vérlitun:

Nemandi á að:

- 📖 hafa náð tökum á réttri fingrasetningu á lyklaborð, tileinkað sér blindskrift og rétta líkamsbeitingu
- 📖 á að kunna á alla sérlykla á lyklaborði
- 📖 hafi tileinkað sér innsláttarhraða að lágmarki á 75 slög á mínútu (15 orð á mín.).

Tölva:

Nemandi á að:

- 📖 kunna að búa til möppur og nota möppur í tölvum
- 📖 geta skeytt saman texta, mynd og hljóði á tölvutæku formi
- 📖 hafa notað kennsluforrit í öllum greinum sem verkfæri við eigið nám
- 📖 geta geymt eigin upplýsingar á tölvutæku formi með skipulögðum hætti
- 📖 geta ritað texta í ritvinnsluforriti
- 📖 geta unnið heimildaverkefni
- 📖 geta nýtt sér glærugerðarforrit
- 📖 kunna skil á póst- og samvinnulausnum (Google Apps) með skilvirkni og betri samskipti í huga
- 📖 þekkja helstu leitarmöguleika á Netinu
- 📖 geta unnið með ljósmyndir

Kennslutilhögun:

- 📖 sýnikennsla
- 📖 verkefnavinna
- 📖 sjálfstæð vinnubrögð

Námsefni:

- 📖 kennsluforrit í tölvum og á veraldarvefnum
- 📖 teikniforritið Paint
- 📖 ritvinnsluforritið Word
- 📖 glærugerðarforritið Power Point
- 📖 Picasa (myndvinnsluforrit)
- 📖 Pivot (teiknimyndaforrit)
- 📖 Google Apps (tölvupósts- og samvinnulausn)
- 📖 siðfræði á Netinu
- 📖 leit á Netinu
- 📖 Google Earth

Námsmat:

Vérlitun:

- 📖 hraðapróf í vérlitun tvisvar yfir veturinn; í nóvember og maí
- 📖 nemandi með ranga fingrasetningu er lækkaður um 1 í einkunn

Upplýsingamennt:

- 📖 Námshegðun: 10%
- 📖 Verkefnavinna: 90%

Íþróttir

Leikfimi

Kennarar:

- 📖 Einar Einarsson
- 📖 Gunnlaugur Kárason

Fjöldi kennslustunda

Tvær kennslustundir í viku

Markmið:

Nemandi á að:

- 📖 þjálfist í samsettum hreyfingum
- 📖 þjálfist í flóknum æfingum með tónlist sem viðhalda og bæta samhæfingu hreyfinga
- 📖 taki þátt í leikjum sem veita útrás fyrir hreyfiþörf og efla samspil skynjunar
- 📖 taki þátt í ýmsum leikjum og æfingum sem efla líkamsþol, hraða, viðbragð og kraft
- 📖 tileinki sér vöðvateygjur
- 📖 taki þátt í dansi
- 📖 taki þátt í leikjum sem efla og styrkja samvinnu og samskipti.
- 📖 þjálfist í leikjum og æfingum þar sem veita þarf félagu eða félögum stuðning

Kennslutilhögun:

- 📖 sýnikennsla
- 📖 sjálfstæð vinnubrögð

Námsefni:

- 📖 áhöld
- 📖 handklæði
- 📖 íþróttaföt

Námsmat:

- 📖 boltagreinar 20%
- 📖 liðleiki og styrkur 20%
- 📖 píptest 10%
- 📖 útihlaup 20%
- 📖 aðrar greinar 10%
- 📖 virkni og virðing 20%

Sund

Kennarar:

Fjöldi kennslustunda

Ein kennslustund í viku

Markmið:

Nemandi á að:

- 📖 fá aukna þjálfun í samhæfingu hreyfinga og tengingu þeirra í eina heild
- 📖 nái tókum á nákvæmri útfærslu hreyfinga og öndunar í bringusundi, skólabaksundi, baksundi og kafsundi
- 📖 ná góðum tókum á stungu af palli
- 📖 tileinki sér helstu atriði sem snúa að björgun úr vatni
- 📖 taki þátt í æfingum og leikjum sem efla líkamsþol, kraft, hraða, viðbragð, samhæfingu og nýtni sundtaka
- 📖 taki þátt í umræðu um mikilvægi sunds sem líkams- og heilsuræktar
- 📖 taki þátt í ýmsum samvinnuverkefnum á sviði sundíþróttá og leikja s.s. boltaleikjum, boðsundsleikjum og sundknattleikjum

Kennslutilhögun:

- 📖 sýnikennsla
- 📖 sjálfstæð vinnubrögð

Námsefni:

- 📖 áhöld
- 📖 handklæði
- 📖 sundföt

Námsmat:

- | | |
|------------------------------|------|
| 📖 verklegt próf (Sundstig 7) | 80 % |
| 📖 virkni og virðing | 20% |